

# Stjórnarfundur FEB nr. 521 þriðjudaginn 24. febrúar 2026

kl. 13:30 í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

**Mættir aðalmenn:** Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Kristinn Eiríksson, Gunnlaugur Auðunn Júlíusson, Kristján Guðmundsson, Guðrún Ósk Jakobsdóttir og Guðrún Bergmann.

**Mættir varamenn:** Sigrún Unnsteinsdóttir og Fanney Sigurbjörg Jóhannsdóttir

**Fjarverandi:** Bjarni Bjarnason

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

## 1. Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð

## 2. Nýtt blað Félagstíðinda FEB

Framkvæmdastjóri kynnti nýtt blað af Félagstíðindum FEB sem fer í prentun mjög fljótlega.

## 3. Loka undirbúningur aðalfundar FEB 25. febrúar

Farið fyrir Ályktun stjórnar FEB sem lögðu verður fyrir aðalfundinn.

Farið yfir svar stjórnar FEB við erindi sem lagt var fyrir síðasta aðalfund og svara skal á aðalfundi FEB 2026.

## 4. Staða erindis hjá Umboðsmanni Alþingis

Umboðsmaður Alþingis ritaði innviðaráðherra bréf þann 23. janúar 2026, þar sem UA óskar eftir að ráðherra lýsi afstöðu sinni til kvörtunar FEB til UA er varðar afgreiðslu innviðaráðuneytisins á erindi FEB til ráðuneytisins sent 12. nóvember 2024. UA óskar eftir svörum frá ráðherra eigi síðar en 13. febrúar 2026. Ráðherra óskaði eftir frestun á svari til 20. febrúar, enn hefur ekkert heyrst.

## 5. Önnur mál

40 ára afmæli FEB 15. mars 2026.

Ekki var hægt að losa húsnæði FEB á afmælisdegi félagsins þar sem salurinn var löngu frátekinn fyrir þriðja aðila. Ekki reyndist hægt að leigja annan sal í staðinn þar sem mikið álag er á allri útleigu á sölum í borginni þar sem fermingar eru í hámarki á þessum tíma. Fresta þarf því viðburðinum um sinn.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 14:30

Fundargerð ritaði Gunnlaugur Auðunn Júlíusson

GUÐRÚN BERGMANN  
Kristján Guðmundsson  
Sigrún Unnsteinsdóttir  
Fanney S. Jóhannsdóttir

Guðrún Ósk Jakobsd.  
Ástrún Björk Ágústsdóttir  
Sigrún Unnsteinsdóttir